



201. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 21. nóv. 2018 kl. 09:30.

Mætt: Björgvin Eyjólfur Björgvinsson, Elín Einarsdóttir, Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Haraldur Eiríksson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Pia Rita Simone Schmauder (fulltrúi foreldra), Sigursveinn Már Sigurðsson, Veigar Atli Magnússon (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Ingvar Pétur setti fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 200. fundar var lögð fyrir og samþykkt án athugasemda. Senda fundarmönnum staðfesta fundargerð.

2. Rekstraráætlun 2019 - 2021 – HE

Haraldur gerði grein fyrir rekstraráætlun fyrir komandi ár og vakti athygli á helstu liðum áætlunarinnar. Hann gerði grein fyrir stöðunni eins og hún er og líklega verður staðan nálægt því að vera í jafnvægi á árinu 2018. Haraldur renndi aðeins yfir spána fyrir árið 2019 og taldi hann að framlagið frá ríkinu hefði heldur minnkað á milli ára og því stefndi í tap á næsta ári. Unnið er að þriggja ára áætlun núna. Haraldur yfirgaf fund þegar hann hafði lokið við að fara yfir rekstraráætlun skólans.

3. Gjaldskrá FSu – SMS

Sigursveinn settur skólameistari renndi yfir drög að nýrri gjaldskrá sem kominn er tími til að breyta og þarf að fá samþykkt í skólanefnd. Drögunum var dreift til fundarmanna og síðan voru einstakir liðir metnir og skoðaðir. Ákveðið var að drög að gjaldskrá fengju að halda sér með þeirri undantekningu að 10.000 kr. vegna endurtektarprófa vegna útskriftar verður tekið út. Samþykkt samhljóða.

4. Val nemenda, fjöldi á námslínunum o.fl. - BEB

Björgvin Eyjólfur áfangastjóri fór yfir tölur sem tengdust fjölda nemenda og hvaðan þau koma til okkar. Hann fór einnig yfir fjölda á brautum þ.e. á hvaða brautir nemendur eru skráðir hjá okkur. Það kom fram samanburður á milli ára þ.e. haustanna og er greinileg fjölgun nemenda á verknámsbrautunum. Umræður sköpuðust um fjölgun nemenda á verknámsbrautum. Auk þess var aðeins rætt um hvernig staðan væri á íslenskunni í skólanum. Fram kom að áhyggjur væru af stöðu móðurmálsins. Fulltrúi nemenda taldi að það vantaði að leggja meiri áherslu á að finna leiðir til að efla íslenskuna. Þegar búið var að fara yfir þessi mál yfirgaf áfangastjóri fundinn. Áfangastjóra var þakkað fyrir innlegg hans á fundinn.



5. Önnur mál

- a. Ingvar óskaði eftir þremur einstaklingum úr skólanefnd til að hitta Kolfinnu Jóhannesdóttur. Stefnt er að fundi með henni miðvikudaginn 28.nóvember kl. 15:00. Væntanlega verða á fundinum Ingvar, Jón og Jóna.
- b. Sigursveinn renndi aðeins fyrir hvernig staðan væri varðandi brotthvarfið. Brotthvarf nýnema er í kringum 4,6% þ.e. af þeim sem komu inn skólaárið 2017 – 2018.
- c. Náms og kynnisferð starfsmanna FSu verður til Odense í Danmörku. Farið verður 26. maí og komið aftur 2. júní.
- d. Veigar Atli gerði grein fyrir því helsta varðandi starfið í nemendafélaginu. Hann talaði sérstaklega um að andinn væri góður hjá stjórninni. Helstu viðburðir voru tíundaðir og kom fram að almenn ánægja hafi verið með söngkeppnina sem haldin var í byrjun nóvember. Átak hefur verið gert til þess að efla félagslíf í miðvikudagseyðunum.
- e. Spurt var um forvarnir í skólanum. Sagt var frá að sérstakur forvarnarmánuður hafi verið í haust. Rætt var um stöðuna almennt í samfélaginu og þær ógnir sem steðja að nemendum framhaldsskólanna. Auðvelt virðist vera að ná sér í fíkniefni á okkar svæði. Áfram verður haldið með forvarnir.
- f. Minnt er á brautskráningu föstudaginn 21. desember kl. 14:00.

Næsti fundur er fyrirhugaður 11. febrúar

Fundi slitið kl. 11:07
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson